




**Til iðnaðarnefndar Alþingis:**  
**Ábending um leiðréttingu á tveimur frv. sem liggja fyrir nefndinni**

Við nánari skoðun á stjórnarfrv. um auðlindir í jörðu o.s.frv. (359. mál) hefur komið í ljós misskilningur frumvarpssmiða sem nauðsynlegt er að leiðrétta:

Í 1. mgr. 10. gr. frv. er talað um að heimilt sé án leyfis að hagnýta jarðhita í eignarlandi "... allt að 5 MW vermi sem tekið er úr jörðu á hverri sekúndu alls innan eignarlandsins." Hér er undirstrikuðu orðunum ofaukið og þau eru beinlínis í mótsögn við orkuhugtakið sem fellst þegar í stærðinni "5 MW".

Þetta hafði farið fram hjá okkur við umsögn Orkustofnunar um frumvarpið sbr. bréf til nefndarinnar dags. 25. mars s.l., enda töldum við okkur hafa kveðið þennan draug niður á fyrri stigum, en það hefur greinilega ekki tekist. Sami misskilningur skýtur aftur upp kollinum í frv. þingmanna jafnaðarmanna um sama mál (425. mál) í 2. mgr. 13. gr.

16. apríl 1998,

  
Þorkell Helgason  
orkumálastjóri